

Mál nr 26/2017

Ár 2018, fimmtudaginn 15. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Síðumúla15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 26/2017

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 13. september 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði X hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem í ljós kom að tíkin var var þöruð eftir 7 ára aldur og fyrirliggjandi heilsufarsvottorð var eldra en eins mánaðargamalt við þörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 17. janúar 2018 og honum gefinn frestur til 14. febrúar að skila inn andmælum. Kærði nýtti sér ekki andmælarétt sinn. Var það mat siðanefndar að öll gögn er máli skiptu varðandi málið væru fram komin og var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði ódagssettu var tíkin A þöruð við rakkann B hinn 25. janúar 2017. Við þörun var tíkin orðin 7 ára og fyrirliggjandi heilsufarsvottorð var eldra en mánaðargamalt. Hundarnir eru af hundakyninu Breton og er tíkin í eigu kærða. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði nýtti sér ekki andmælafrést sinn. Með innsendu þörunarvottorði fylgdu tvö læknisvottorð, annað dagsett einum og hálfum mánuði fyrir got og hitt fjórum og hálfum mánuði eftir got. Samkvæmt báðum vottorðunum var tíkin við góða heilsu að mati dýralækna.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í grein 3.5. segir:

„Ef tík er þöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja þörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir þörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við þörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri.“

Á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin orðin 7 ára gömul og fyrirbyggjandi heilsufarsvottorð var eldra en mánaðargamalt. Tíkin var síðan heilsufarsskoðuð rúmlega fjórum mánuðum eftir got. Til allra heilla þá reyndist hún vera heilbrigð og vel á sig komin í bæði skiptin. En það var ekki fyrir séð, reglan kveður á um að heilbrigðisvottorð skuli ekki vera eldra en mánaðargamalt við þörun. Reglan er sett með dýravelferð að leiðarljósi og mikilvægt að ræktendur hafi hana í heiðri.

Kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og telur siðanefnd við hæfi að áminna kærða.

#### IV. Niðurstaða.

Kærði X telst hafa gerst brotlegur við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur sinni.

f.h. siðanefndar

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Fjóra Fannberg

---

Kristín Sveinbjarnardóttir